

4. fundur Starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 22. febrúar 2017 og hófst hann kl. 17:15

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Gunnhildur Björnsdóttir aðalmaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir aðalmaður og Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, Sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi

Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi sendi erindi til bæjarráðs um breytingu á skipan fulltrúa í starfshópnum. Ingibjörg Pálmadóttir hefur óskað eftir að láta af störfum í starfshópnum og í hennar stað tekur Anna Þóra Þorgilsdóttir sæti.

Bæjarráð samþykkti, beiðni starfshóp um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi, að Anna Þóra Þorgilsdóttir taki sæti Ingibjargar Pálmadóttur í starfshópnum.

Starfshópurinn áformar að skoða nýlega búsetukjarna í nærliggjandi sveitarfélögum.

Starfshópurinn óskar eftir núverandi stöðu umsókna á búsetu og þjónustu.

Starfshópurinn óskar eftir því við sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að hann mæti á næsta fund starfshópsins og kynni mögulega staðsetningu á búsetukjarna.

Starfshópurinn mun leggja til við bæjarráð að nýr búsetukjarni verði tekinn í notkun 2019.

2. 1610011 - Könnunarviðræður við Ás styrktarfélag

Akraneskaupstaður óskaði eftir afstöðu stjórnar Áss styrktarfélags til þess hvort til greina kæmi að taka þátt í byggingu og rekstri búsetukjarna á Akranesi fyrir fatlað fólk með mikla stuðningsþörf.

Ás styrktarfélag sér ekki fært að fara slíkt samstarf að sinni. Ás styrktarfélag hefur lýst því yfir að geta veitt ráðgjöf við uppbyggingu á byggingu á búsetukjarna.

Starfshópurinn áformar kannanánar samstarfsmöguleika við Ás styrktarfélag.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Einar Brandsson
Vilborg Þ. Guðbjartsd.
Anna Þóra Þorgilsdóttir
Gunnhildur B.
Svala Hreinsdóttir